



Tvöfaldar dældir eða teygðir gígar á norðursléttunni

ESP_028688_2330

HIRISE

HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS

 THE UNIVERSITY
OF ARIZONA

Þessi mynd nær yfir lítinn hluta hinnar víðfeðmu norðursléttu á Mars á svæði sem kallast Utopia Planitia. Á nærmyndinni, sem er í lit, sjáum við margar grunnar dældir sem í raun eru tvöfaldar. Í kringum innri og lægri hringlaga svæðin er grynri hálfhringadæld. Sólarljós kemur inn frá neðri vinstri hliðinni (suðvestri) svo ef þú sérð bungur en ekki gíga er heilinn að snúa landslaginu við. Hvernig urðu þessar tvöföldu dældir til? Ein hugmyndin er sú að innri dældirnar séu í raun árekstrargígar eða botnfall á gígbotninum. Þetta eru líklega aukagígar sem allir urðu til á sama tíma úr útkasti efnis frá mun stærri gíg. Vitað er að svæði á háum breiddargráðum á Mars eru rík af vatnsís grunnt undir þunnu jarðvegslagi. Þurra lagið ver ísinn sem annars myndi þurruga (fara beint úr föstu í gas) og hverfa.